

Nr. 20-092 S 062 Drangey SK 2***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2893
IMO 9758222
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: FISK-Seafood ehf
Stærð: 2080,78 bt
Mesta lengd: 62,55 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,52 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Drangey©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. desember 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrásyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. ágúst 2020 var Drangey SK 2 við bryggju á Sauðárkróki. Veður: Logn.

Skipverji var að aðstoða vélstjóra við ganga frá landtengikapli inn á kefli þegar hann klemmdi illa þumalfingur vinstri handar á milli stoðar og brúnar keflisins.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var með hægri hendina á sveifinni og var með vinstir hendina ofan á keflinu til að ýta ofan á kapalinn jafnóðum og hann sneri keflinu þegar fingurinn varð á milli;
- að fremsti hluti fingursins skarst illa á þrjá vegu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.



Keflið og rauða örin sýnir hvar fingurinn klemmdist.